

Hafnarfjarðarbær
Gunnþóra Guðmundsdóttir
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Reykjavík 16. október 2020
UST202009-144/A.B.
10.04.03

Efni: Umhverfisskýrsla fyrir deiliskipulag - Ásvellir - Hafnarfjarðarbær

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Hafnarfjarðarbæjar er barst 14. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar á umhverfisskýrslu vegna breytingar á deiliskipulagi fyrir Ásvelli 1.

Í greinargerð deiliskipulagsbreytingarinnar kemur fram að meginbreytingar deiliskipulags eru þær að hluta lóðar vestan megin er breytt í lóð undir íbúðir annars vegar og hins vegar er fjölnota knatthús fært nyrst á lóð.

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin veitti umsögn varðandi deiliskipulagstillöguna 3. febrúar sl.

Staðhættir - Ástjörn

Ástjörn og svæðið umhverfis hana var friðlýst árið 1978 sem friðland, sbr. auglýsing nr. 189/1978. Í desember 1996 var verndarsvæðið stækkað með stofnun fólkvangs við Ástjörn og Ásfjall umhverfis friðlandið, sbr. auglýsing nr. 658/1996.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess, þar sem deiliskipulagsmörkin liggja innan friðlandsins, að fjallað sé um friðlandið í tillögunni og metin áhrif hennar á friðlandið.

Byggingarreitur fyrir fyrirhugað knatthús liggar á mörkum friðlandsins. Umhverfisstofnun bendir á að í gildandi reglum fyrir friðlandið segir: „*Mannvirkjagerð og jarðrask allt er bannað án leyfis Umhverfisstofnunar*“ og bendir stofnunin á að það ætti að koma fram í tillögunni.

Áhrifasvæði

Umhverfisstofnun bendir á að í 5.4.1 gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 segir að við gerð deiliskipulags skuli meta líkleg áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum og starfsemi á aðliggjandi svæði og einstaka þætti áætlunarinnar sjálfrar, svo sem á vistkerfi, auðlindir, landslag, ásýnd, útsýni, hljóðvist, loftgæði, hagkvæmni, veðurfar, varðveisslugildi og

svipmót byggðar og einstakra bygginga o.fl. umhverfisþætti eftir því sem efni skipulagsins gefur tilefni til. Að mati stofnunarinnar þarf tillagan að fjalla á ítarlegri hátt um aðliggjand áhrifasvæði.

Auk þess bendir Umhverfisstofnun á mikilvægi þess að fjallað sé um í tillögunni hvort framkvæmdir utan friðlýstra svæða geti á einhvern hátt haft áhrif á hin friðlýstu svæði. Skv. 54. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: „*Ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, sem leyfisskyldar eru samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt. Setja má skilyrði til að koma í veg fyrir skaða af starfseminni eða framkvæmdunum á hinu friðlýsta svæði.*

Umhverfisstofnun bendir því á mikilvægi þess að metin séu líkleg áhrif af byggingu á fyrirhuguðu knatthúsi á friðland Ástjarnar.

Vatnafar og forsendur

Í umhverfisskýrslu kemur fram að breytingin hefur engin áhrif á vatnafar svæðisins. Umhverfisstofnun telur niðurstöðuna vera óljósa m.t.t Ástjarnar. Í greinargerð kemur ekki fram hvaða forsendur liggja fyrir, sem stuðst er við til að komast að ofangreindum ályktunum og því telur stofnunin umhverfisáhrif framkvæmdanna á vatnafar vera óljós.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að lekt í bergenú við tjörnina sé skoðuð og að vatnsstaða og ástand tjarnarinnar séu metin áður en farið verður í framkvæmdir á fyrirhuguðu knatthúsi. Auk þess bendir Umhverfisstofnun á mikilvægi þess að það sé metið hvaða áhrif jarðrask vegna knatthúss hefur á vatnsstöðu og lífríki tjarnarinnar.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að unnin sé vöktunaráætlun og settir skilmálar um vöktun áhrifa þar sem m.a. vatnsstaða vatnsins og lífríki sé vaktað á framkvæmdatíma og um hvernig bregðast eigi við umhverfisvandamálum eftir því sem þörf er á.

Lífríki

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um í umhverfisskýrslu áhrif framkvæmdanna á lífríki á svæðinu og í friðlandinu.

Umhverfisstofnun bendir á að Ástjörn flokkast sem laukavatn samkvæmt vistgerðarkortlagningu NÍ (<https://www.ni.is/greinar/laukavotn>). Laukavötn hafa mjög hátt verndargildi.

Hraun

Umhverfisstofnun bendir á að hraunið, sem breytingatillögurnar ná til, fellur undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrribæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýna nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um hraunið í umhverfisskýrslunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask þess sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á hrauni þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laga um náttúruvernd auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal leyfisveitandi, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent stofnuninni, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Ásýnd

Í umhverfisskýrslu kemur fram að umhverfisáhrif ásýndar séu óviss og háð útfærslu. Umhverfisstofnun telur að búast megi við að mannvirki muni hafa varanleg áhrif á ásýnd svæðisins og þar af leiðandi upplifun þeirra gesta sem fara um fólkvanginn og friðlandið. Áhrif á ásýnd lands kunna að vera umtalsverð að mati stofnunarinnar og því mikilvægt að skilmálar og útfærsla tillögunnar séu skýrir til að draga úr neikvæðum áhrifum.

Stjórн vatnamála

Umhverfisstofnun bendir á að nú er unnið að innleiðingu laga nr. 36/2011 um stjórн vatnamála. Markmið laganna er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímaþvernd vatnsauðlindarinnar. Löginn taka til yfirborðsvatns og grunnvatns ásamt árósavatni og strandsjó, til vistkerfa þeirra og til vistkerfa sem tengjast þeim að vatnabúskap. Til að ná fram markmiðum laganna skal vinna vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun. Áætlað er að vatnaáætlun fyrir Ísland fari í almenna kynningu árið 2021 og taki gildi árið 2022. Settar hafa verið tvær reglugerðir, reglugerð nr. 935/2011 um stjórн vatnamála og reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlotu, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun.

Fyrirhugað áhrifasvæði framkvæmdar, sem hér um ræðir, er Ástjörn, en tjörnin hefur vatnshlotsnúmerið 104-2302-L undir stjórн vatnamála. Samkvæmt markmiðum laganna

og reglugerðarinnar skulu vatnshlot vera í mjög góðu eða góðu vistfræðilegu ástandi. Unnið er að því að skilgreina gæðapætti og koma á kerfi til að meta ástand vatnshlota. Í vatnaáætlun munu verða sett umhverfismarkmið fyrir vatnshlotin sem miða að því að halda vatnsgæðum góðum.

Umhverfisstofnun bendir á að tjörnin er nú þegar undir álagi vegna mikillar nálægðar við þéttbýlið.

Umhverfisstofnun bendir á að í 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála segir, þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, að opinberar áætlanir á vegum stjórnlvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skuli vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.

Hljóð- og loftmengun

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um áhrif hljóð – og loftmengunar vegnar framkvæmda við fyrirhugað knatthús.

Niðurstöða

Umhverfisstofnun telur niðurstöður umhverfismats framkvæmda á svæðinu óljósa varðandi vatnafar, lífríki og ásýnd vegna knatthúss.


Í umhverfisskýrslu kemur fram að breytingin hefur engin áhrif á vatnafar svæðisins. Umhverfisstofnun telur niðurstöðuna vera óljósa m.t.t Ástjarnar. Í greinargerð kemur ekki fram hvaða forsendur liggja fyrir, sem stuðst er við til að komast að ofangreindum ályktunum og því telur stofnunin umhverfisáhrif framkvæmdanna á vatnafar vera óljós. Umhverfisstofnun kallar því hér með eftir frekari gögnum til að geta veitt umsögn varðandi ofangreint verkefni og tekið afstöðu til þess.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að lekt í bergeninu við tjörnina sé skoðuð og að vatnsstaða og ástand tjarnarinnar séu metin áður en farið verður í framkvæmdir á fyrirhuguðu knatthúsi og fótboltavöllum. Auk þess bendir Umhverfisstofnun á mikilvægi þess að það sé metið hvaða áhrif jarðrask vegna knatthúss hefur á vatnsstöðu og lífríki tjarnarinnar.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur